

**Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2021****GRT1FF05**

Kennari	Sólveig Sveinbjörnsdóttir solveig.sveinbjornsdottir@fss.is
Viðtalstími	Þriðjudagar 10:10-10:50
Námsefni	Grunnteikning I verkefnamappa fæst í bóksölu FS (Grunnteikning I, Útgefandi Iðnú, Reykjavík.)
Áfangamarkmið	Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist almenna undirstöðuþekkingu og þjálfun í teiknifræðum. Áfanginn skiptist í tvo megin efnisþætti auk æfinga í teikniskrift. Í fyrri efnisþættinum er fjallað um fallmyndun I og ásmyndun- og fríhendisteikningu í þeim seinni. Í áfanganum öðlast nemendur færni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda, myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina, lestur teikninga og fá grunnþjálfun í gerð vinnuteikninga og þrívíðra rissteikninga. Áfanginn er jafnframt undirbúningur fyrir frekara nám í teiknifræðum og lestri vinnuteikninga.

Áhöld og efni	T-stíka eða teiknibretti fyrir A3 blöð Teiknihorn: 45°/45°/90°, og 30°/60°/90° (meðalstór u.þ.b. 25 - 30 sm.) (Reglustíka u.þ.b. 25 - 30 sm.) Teikniblýantur HB (Fallblýantar og H, 3H blý, eða samsvarandi tréblýantar) Yddari Strokleður (Línuveiðari) Límband (málarateip) ef nemandi er ekki með teiknibretti Góður hringfari (síkill) Rúðustrikuð blöð (reiknisblöð/rissblöð)
----------------------	---

Námsmat og vægi námsmatsþátta	Áfanginn er símatsáfangi sem byggist á verkefnavinnu í grunnteiknimöppu og tímaverkefnum sem gilda 70% og könnununum og kaflaprófum sem gilda 30%. Til að standast áfangann þarf nemandinn að skila öllum tímaverkefnum og að ná að lágmarki 5,0 úr kaflaprófum. Skila á tímaverkefnum til kennara í lok hvernar viku, árituðum (með penna) þar sem fram kemur nafn viðkomandi og dagsetning þess dags sem skilað er (vanskil hefur áhrif á einkunnargjöf). Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem tilgreind eru á kennsluáætlun og fá þau samþykkt af kennara.
--------------------------------------	---

Vinnuáætlun		
Tímasókn	15 vikur x 4 klst	60 klst
Undirbúningur og frágangur	15 vikur x 12 klst	30 klst
Undirbúningur fyrir kannanir	3 x 2 klst	6 klst
Alls		96 klst = 5 feín*

Þekking Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • upplýsingamiðlun með tæknilegum teikningum.	Hæfni Að loknum áfanganum skal nemandi: • vera undirbúinn undir frekara nám í teiknifræðum. • hafa þekkingu og færni til að skipuleggja, árita og ganga frá einföldum tæknilegum teikningum og miðla upplýsingum á skilvirkan hátt.
Leikni Nemandi skal hafa öðlast leikni í: • lestri einfaldra tæknilegra vinnuteikninga og gerð einfaldra þrívíðra teikninga og fríhendisteikninga. • nákvæmum vinnubrögðum og notkun á teikniáhöldum.	



Reglur áfangans:	Samkvæmt aðalnámskrá er skyldumæting í alla tíma. Nemendur hafa tvo daga til þess að gera athugasemdir við viðveru (fjarvistir sínar)! Ath. einstök verkefni hafa ekki sama vægi! (vægi verkefna hækkar eftir því sem þau verða viðameiri).
-------------------------	---

Annað sem kennari vill láta koma fram:	Kennari áskilur sér rétt til þess að vísa nemanda út úr kennslustund komi nemandi án námsgagna og áhalda í tíma. Slökkt skal vera á farsímum í kennslustund!
---	--

Nánari vinnu- og verkefnaáætlun fá nemendur frá kennara.

Kennsluvikur.	Áætluð yfirferð námsefnis.	Skil á verkefnum.
1. vika 6. - 8. janúar	Kynning á áfanga	Krossapróf
2. vika 11. - 15. janúar	Fallmyndun 1	1.-9.
3. vika 18. - 22. janúar	Fallmyndun 1	10.-19.
4. vika 25. - 29. janúar	Fallmyndun 1	20.-28.
5. vika 1. - 5. febrúar	Fallmyndun 1	31.-41.
6. vika 8. - 12. febrúar	Fallmyndun 1	43.-50. Teikniskrift verkefni 1-4 lokaskil Könnun
7. vika 15. - 19. febrúar	Fallmyndun 1	51.-56.
8. vika 22. - 26. febrúar	Fallmyndun 1	59.-63.
9. vika 1. - 5. mars	Fallmyndun 1	65.-69.
10. vika 8. - 12. mars	Fallmyndun 1	71.-77.
11. vika 15. - 19. mars	Ásmyndun og fríhendisteikning	78.-84. Könnun
12. vika 22. - 26. mars Páskafri	Ásmyndun og fríhendisteikning	1.-6.
13. vika 6. - 9. apríl	Ásmyndun og fríhendisteikning	8.-13.
14. vika 12. - 16. apríl	Ásmyndun og fríhendisteikning	16.-22.
15. vika 19. - 23. apríl Sumard. fyrsti	Ásmyndun og fríhendisteikning	Könnun
16. vika 26. - 30. apríl	Ásmyndun og fríhendisteikning	23 Lokaverkefni
17. vika 3. - 6. maí	Fallmyndun I Ásmyndun og fríhendisteikning	Skil á verkefnamöppu

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf ☺

Sólveig Sveinbjörnsdóttir